



Kæru foreldrar og forsjáraðilar

Við viljum bjóða ykkur að taka þátt með okkur í mikilvægu samtali um öryggi, samskipti og vellíðan barna og unglinga.

Dagana 2.–6. febrúar nk. fer fram Vika6, árleg kynheilbrigðisvika í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur. Í þessari viku er lögð sérstök áhersla á að efla fræðslu um kynheilbrigði og skapa rými fyrir opnar, heiðarlegar og aldursviðeigandi umræður. Kynfræðsla er ein helsta forvörnin gegn kynferðislegu ofbeldi. Hún er ávallt miðuð að aldri og þroska barna og hefur það að markmiði að efla sjálfsþekkingu þeirra, stuðla að heilbrigðum samskiptum og samböndum og auka vitund þeirra um eigin réttindi.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur sér um skipulag vikunnar og útbýr fræðsluefni sem starfsfólk getur nýtt í kennslu og starfi með börnum og unglingum. Að þessu sinni er þemað öryggi og ofbeldi sem valið var af unglingum borgarinnar með rafrænni kosningu. Börn og ungmenni í borginni hafa ítrekað bent á að þau vilji meiri fræðslu um mörk, samþykki og samskipti ásamt því hvernig hægt sé að bregðast við þegar eitthvað veldur óöryggi.

Vika6 byggir á tilmælum UNESCO um alhliða kynfræðslu þar sem horft er til allra þátta kynheilbrigðis: líkamlegra, tilfinningalegra, félagslegra og andlegra.

Í Viku6 í ár verður meðal annars fjallað um:

**Öryggi og mörk:** samþykki, að setja og virða mörk, að þekkja óheilbrigð samskipti.

**Ofbeldi og áreitni:** hvernig það birtist, hvernig hægt er að bregðast við og hvert má leita.

**Samskipti og tengsl:** vinátta, virðing, fjölbreyttar fjölskyldur og sambönd.

**Réttindi barna:** Barnasáttmálinn, áhrif samfélagsmiðla og að þekkja eigin raddir.

Við gerum okkur grein fyrir að efnið getur verið viðkvæmt og að sum upplifa óöryggi þegar rætt er um kynfræðslu eða ofbeldi og mörk.

Mörg okkar kannast líklega við að það var ekki alltaf auðvelt að ræða þessi málefni þegar við sjálf vorum yngri. Markmiðið okkar er að börnin valdefla börn og ungmenni þannig að þau verði ábyrgari í samskiptum sínum og samböndum oo upplifi að þau geti ávallt leitað til okkar. Líka þegar þau eru óörugg eða standa frammi fyrir erfiðum spurningum, og finni að við séum reiðubúin að hlusta, veita stuðning og ræða það sem skiptir þau máli.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fræðslunni, ræða við börnin ykkar og nýta efnið sem er aðgengilegt á heimasíðu Jafnréttisskólans: <https://reykjavik.is/jafnrettisskolinn/vika6>

Í fræðsluefninu má einnig finna ráð fyrir starfsfólk, sem þið foreldrar getið að sjálfsögðu nýtt ykkur í samtalinu heima.

Foreldrar og forsjáraðilar eru mikilvægir aðilar í kynfræðslu og hlökkum við til að vinna með ykkur að því að skapa öruggara og heilbrigðara umhverfi fyrir börnin og unglingana okkar.

Bestu kveðjur,  
Indíana Rós Ægisdóttir  
Maríanna Guðbergsdóttir  
Verkefnastýrur Jafnréttisskólans